

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2017

2019/EES/11/10

frá 5. maí 2017

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/173 frá 1. febrúar 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1292/2008 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 887/2011 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 og *Enterococcus faecium* CECT 4515 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/187 frá 2. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (DSM 28343) sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co. KG) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/194 frá 3. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus diolivorans* DSM 32074 sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/210 frá 7. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fóðuruakefni fyrir varphænur ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/211 frá 7. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG-S 15136), sem fóðuruakefni fyrir alifugla, fráfærugrísí og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 1206/2005 og (EB) nr. 322/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 516/2007 (leyfishafi er Beldem, sem er deild í Puratos NV) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/219 frá 8. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (DSM 27273) sem fóðuruakefni fyrir fráfærugrísí og fráfærugrísí af aukategundum svína (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) Hansen A/S) ⁽⁶⁾.
- 7) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/211 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 516/2007 ⁽⁷⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögun-arákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.

⁽¹⁾ Stjútúð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 5.

⁽²⁾ Stjútúð. ESB L 29, 3.2.2017, bls. 35.

⁽³⁾ Stjútúð. ESB L 31, 4.2.2017, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjútúð. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjútúð. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjútúð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 18.

⁽⁷⁾ Stjútúð. ESB L 122, 11.5.2007, bls. 22.

- 9) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í liði 1zs (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004), 1zzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1206/2005) og 1zzzzx (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 322/2009):

„– **32017 R 0211:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/211 frá 7. febrúar 2017 (Stjtið. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 23).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 189. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/66):

„190. **32017 R 0173:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/173 frá 1. febrúar 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1292/2008 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 887/2011 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 og *Enterococcus faecium* CECT 4515 (Stjtið. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 5).

191. **32017 R 0187:** Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/187 frá 2. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (DSM 28343) sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co. KG) (Stjtið. ESB L 29, 3.2.2017, bls. 35).

192. **32017 R 0194:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/194 frá 3. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus diolivorans* DSM 32074 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 31, 4.2.2017, bls. 18).

193. **32017 R 0210:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/210 frá 7. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fóðurukefni fyrir varphænur (leyfishafi Adisseo France S.A.S.) (Stjtið. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 19).

194. **32017 R 0211:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/211 frá 7. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG-S 15136), sem fóðurukefni fyrir alifugla, fráfarugrúsi og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 1206/2005 og (EB) nr. 322/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 516/2007 (leyfishafi er Beldem, sem er deild í Puratos NV) (Stjtið. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 23).

195. **32017 R 0219:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/219 frá 8. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (DSM 27273) sem fóðurukefni fyrir fráfarugrúsi og fráfarugrúsi af aukategundum svína (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 18).“

3. Texti liðar 1zzzzq (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 516/2007) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/173, (ESB) 2017/187, (ESB) 2017/194, (ESB) 2017/210, (ESB) 2017/211 og (ESB) 2017/219, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.